

Fundargerð stjórnar Félags kvenna í atvinnulífinu (FKA)

Staður: Hús atvinnulífsins, fundarherbergið Kjarni á 1. hæð

Dagsetning: 27. ágúst 2019

Tími: 11:30 til 13:30

Mættar voru stjórnarkonurnar:

Áslaug Gunnlaugsdóttir (ÁG), Hulda Ragnheiður Árnadóttir (HRÁ), Lilja Bjarnadóttir (LB), Ragnheiður Aradóttir (RA), Sigríður Hrund Pétursdóttir (SHP) á fjarfundi. Þá var framkvæmdastjóri félagsins, Hrafnhildur Hafsteinsdóttir (HH) viðstödd fundinn. Margrét Jónsdóttir Njarðvík (MJN) var fjarverandi.

Dagskrá fundarins var sem hér segir:

1. Dagskrá stjórnarfundar
2. Skýrsla framkvæmdastjóra
 - mælaborð og rekstraráætlun
 - markaðsmál
 - viðburðir og vetrarstarf
 - innheimta félagsgjalda
3. Starfsreglur stjórnar
4. Hádegisfundir með félagskonum, fyrirkomulag og framkvæmd
5. Rekstraráætlun
6. Stefnumótunarfundur – umræður varðandi spurningalista
7. Önnur mál
 - 7.1 erindi frá Guðrúnu Ragnarsdóttur og Rakel sveinsdóttur
 - 7.2 erindi frá formanni Borgarráðs

Formaður stjórnar, Hulda Ragnheiður, setti fundinn og bauð fundarkonur velkomnar. Engar athugasemdir bárust frá stjórnarkonum varðandi boðun fundarins, afhendingu fundargagna eða annað. Ritun fundargerðar var í höndum SHP.

1. Dagskrá stjórnarfundar

Hulda Ragnheiður fór yfir dagskrá fundarins.

2. Skýrsla framkvæmdastjóra

HH fór yfir mælaborð framkvæmdastjóra og fór yfir rekstraráætlun 2019.

- mælaborð og rekstraráætlun
- markaðsmál
- viðburðir og vetrarstarf
- innheimta félagsgjalda

3. Starfsreglur stjórnar

Farið var yfir starfsreglur stjórnar og þær samþykktar. Samþykktar starfsreglur verða birtar á heimasíðu FKA.

4. Hádegisfundir með félagskonum, fyrirkomulag og framkvæmd

Auglýsa í hópi félagskvenna eftir þátttöku. Komnar eru dagsetningar og fastur veitingastaður fyrir fyrstu tvö skiptin.

5. Rekstraráætlun

LB fór yfir rekstraráætlun 2019-20.

6. Stefnumótunarfundur

Farið var yfir spurningalistann fyrir stefnumótunarfundinn. Ákveðið var að halda vinnufund til að stilla upp spurningalista til að senda út til félagskvenna.

7. Önnur mál

a. Erindi frá Guðrúnu Ragnarsdóttur og Rakel Sveinsdóttur

b. Fyrir liggur beiðni Guðrúnar og Rakelar sem barst með tölvupósti frá 12. ágúst sl. um að bæta inn bókun frá þeim í fundargerð frá 14. maí 2019, vegna starfsreglna sem voru til meðferðar á síðasta starfsári. Stjórn felur formanni að leita álits hjá Helgu Harðardóttur, sérfræðingi í góðum stjórnarháttum um hvort það samræmist góðum stjórnarháttum að setja inn eftirá bókanir svo löngu eftir fundinn. Málið verður tekið fyrir aftur á næsta fundi stjórnar

c. Erindi frá formanni Borgarráðs

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir formaður Borgarráðs boðar FKA til samræðna og samstarfs vegna atvinnuuppbyggingar í miðborg Reykjavíkur. Auglýsa eftir félagskonum sem vilja taka þátt.

d. Breytingar

HRÁ fór yfir væntanlegar breytingar í starfseminni.

Fundi sliti kl. 13:30.

Fundargerð þessi var samþykkt af stjórnarkonum